

## Fundargerð 9. fundar stjórnar SSA haldinn 24. febrúar 2023. Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 8:30

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Ragnar Sigurðsson og Þuríður Lilly Sigurðardóttir. Helgi Hlynur Ásgrímsson afboðaði sig og mætti Eyþór Stefánsson sem varamaður í hans stað. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Berglind Harpa formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár

### 1. Fundargerðir SSA nr. 7

- Fundargerðin var samþykkt af stjórn og verður undirrituð rafrænt.

### 2. Sóknaráætlun 2023

- Framlag ársins 2023 á fjárlögum og áhersluverkefni. Framkvæmdastjóri fór yfir framlag ársins 2023 á fjárlögum sem og skiptingu framlags á milli landshluta. Lögð var fram tillaga um að haldið yrði áfram með þau áhersluverkefni sem eru nú þegar í gangi sem og skiptingu fjármagns í þau verkefni. Stjórn samþykkir framlagða tillögu og var framkvæmdastjóra falið að vinna áfram á þeim grunni.

### 3. Önnur mál

- Minningarsjóður Ragnhildar B. Methúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar. Framkvæmdastjóra falið að auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn fyrir árið 2023.
- Sambandið, minnisblað – búfé. Framkvæmdastjóri lagði bréf frá sambandinu til kynningar.
- Sambandið, námskeið fyrir sveitastjórnarfolk – lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóra falið að finna dagsetningu með bæjarriturum sem henta í námskeið.

Eftirfarandi mál lögð fram til kynningar

### 4. Umsagnarbeiðnir og samskipti við sambandið

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um pósthjónustu (úrbætur á póstmarkaði), [531. Mál](#)
- Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (afnám tegundartilfærslu í deilistofnum botnfisks o.fl.), [596. Mál](#)
- Frumvarp til laga um opinbert eftirlit Matvælastofnunar (samræming gjaldtökuheimilda), [540. Mál](#)
- Frumvarp til laga um raforkulög (viðbótarkostnaður), [536. Mál](#)

### 5. Mál í samráðsgátt stjórnvalda

- Málalisti í [samráðsgátt](#)

### 6. Fundargerðir og erindi til kynningar

- SSH, fundur nr. [551](#)
- SSNV, fundur nr. [90](#)
- SSNE, fundur nr. [47](#)
- SASS, fundur nr. [591](#), [592](#)
- Sambandið (fundur nr. 917,918 í möppu)
- Boðun á landsþing sambandsins
- Loftslagsdagurinn 4. Maí

Ekki fleiri mál fundi slitið kl 9:20